

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi.

1. gr.

Flóahreppur innheimtir gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 1. mgr. 23 gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er Flóahreppi skv. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 heimilt að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál samanber samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi nr. 1198/2019 og 23. gr. laga nr. 55/2013, sbr. einnig 59. gr. laga nr. 7/1998. Gjöldin eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Sorphirðugjald er lagt á í samræmi við samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi.

240 lítra tunna	17.305 kr.
660 lítra kar	51.012 kr.
1.100 lítra kar	84.904 kr.

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Íbúðir	17.672 kr.
Sumarhús	17.672 kr.
Atvinnurekstur, iðnaðarhverfi	38.558 kr.
Atvinnurekstur, lögbýli	20.885 kr.

4. gr.

Seyrulosun.

Fyrir tæmingu þriðja hvert ár Íbúðarhús/sumarhús	10.250 kr.
---	------------

5. gr.

Gjald vegna aukalosana á rotþróum heimila, sumarhúsa og atvinnufyrirtæka greiðist af eiganda, kr. 36.000 fyrir aukalosun + 500 kr./km í tengslum við aðra hreinsun, en kr. 86.000 + 500 kr./km fyrir aukalosun sem er sérferð.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps 8. desember 2020 og öðlast gildi við birtingu. Gjaldskrá nr. 1297/2018 fellur úr gildi við gildistöku þessarar.

Flóahreppi, 10. desember 2020.

Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri.